

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 3. febrúar 2022
UST202112-251/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Seiðaeldi á Laxabraut 11 í Þorlákshöfn - Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ölfuss er barst 22. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir fiskeldi að Laxabraut 11 í Þorlákshöfn.

Í greinargerð kemur fram tillagan nær til Laxabrautar 11 í Þorlákshöfn þar sem er fyrirhugað seiðaeldi og mögulega þaueldi á laxi og öðrum fisktegundum. Eldið er stækkun á núverandi eldi á aðliggjandi lóð, Laxabraut 9. Svæðið er óbyggt en fyrirhugað er að reisa mannvirki í formi húsa, kerja, vatnsmiðlunartanka, fóðursílóa og súrefnistanka auk vatns- og frárennslislagna, ásamt lagningu vegaslóða, vinnuplana, borhola og bílastæða. Vatnsöflun til rekstursins verður frá borholum á svæðinu. Frárennslisli verður leitt til sjávar gegnum útrás frá lóðinni. Seiði verða flutt af svæðinu í eldi annars staðar á landinu. Á lóðunum tveimur er ráðgert að framleiða allt að 2.500 tonn af laxi og laxaseiðum á ári. Heildarvatnspörf er 5.000 l/s af jarðsjó og 375 l/s af ferskvatni.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn um lýsingu verkefnisins 30. ágúst sl.¹

Þann 4. nóvember sl. gaf Umhverfisstofnun út starfsleyfi fyrir Laxa eignarhaldsfélag ehf. fyrir 2.500 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma að Laxabraut 9-11.

Viðtaki

Í tillögunni kemur fram að viðtakinn sem fráveita eldisins losar í flokkist sem síður viðkvæmur viðtaki. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að viðtakinn sem um ræðir hefur ekki verið formlega skilgreindur sem síður viðkvæmur skv. kröfum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar skal sveitarfélagið óska eftir slíkri skilgreiningu² fyrir losun skólps frá þéttbýli til að fá leyfi til að draga úr losunarkröfum, þ.e. til að hreinsa skólþ með eins þreps hreinsun í stað tveggja þrepa.

¹ [Umsögn um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Laxabraut Þorlákshöfn undirritað.pdf \(ust.is\)](#)

² [Skilgreining á síður viðkvæmum svæðum skil á gögnum NÚVERANDI RGL - Copy \(1\).pdf \(ust.is\)](#)

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur